

Ellefti fundur 2014 var haldinn að Breiðabliki 8. september kl. 21:00.

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Þróstur Aðalbjarnarson og Sigrún Erla Eyjólfadóttir. Einnig Valgarð Halldórsson og Kristín Björk Guðmundsdóttir.

Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Katrín Gísladóttir ritar fundargerð.

Oddviti leitaði frávika frá dagskrá vegna liðs 11 og varðar kosningu fulltrúa á aðalfund SSV.

Það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Farið yfir stöðuna firstu 6 mánuði ársins ásamt útgönguspá til ársloka. **Valgarð Halldórsson fór yfir stöðuna.**
2. Leitað frávika frá fjárhagsáætlun vegna skólans og reiknings frá hitaveitunni. **Stafar af hækkun kjarasamninga kennara sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Reynt verði að hagræða í rekstri á móti. Samþykkt að taka reikninginn inn frá hitaveitunni og fella niður lán á móti sem bókfært var.**
3. Yfirlit skólastjórna um starfið í skólanum. **Kristín Björk Guðmundsdóttir flutti skýrslu um skólastarfið síðasta árið. Jafnframt óskaði hún m.a. eftir skólastefnu sveitarfélagsins, að heildarmynd skólastarfsins verði hugsuð og hugsað verði til 50. ára afmæli skólans sem nálgast óðfluga.**
4. Stefnumótun um skólahald á sunnanverðu Snæfellsnesi. **Lagt til að Snæfellsbæ verði sent bréf þar sem óskað verði eftir viðræðum um framtíð skólahalds á sunnanverðu Snæfellsnesi. Það samþykkt samhljóða.**
5. Drög að gjaldskrám fyrir sveitarfélagið. **Drög að gjaldskrá fyrir fæði í skóla og leikskóla samþykkt. Lögð fram drög að gjaldskrá fyrir skipulags og byggingarmál til kynningar. Drög að gjaldskrá fyrir Breiðablik lögð fram og samþykkt samhljóða.**
6. Drög að samþykktum fyrir sveitarfélagið. **Samþykkt til annarar umræðu, samhljóða.**
7. Drög að siðareglum fyrir sveitarfélagið. **Samþykkt til annarar umræðu, samhljóða.**
8. Kosin fulltrúi í fulltrúaráð Fjölbautarskóla Vesturlands og einn til vara. **Þróstur Aðalbjarnarson og Katrín Gísladóttir til vara.**
9. Fundargerð 29. fundar skipulags og byggingarnefndar frá 27. ágúst. **Samþykkt samhljóða.**
10. Bréf frá Presti Aðalbjarnasyni og Laufeyju Bjarnadóttur dagsett 4. september og varðar meðferð á málgögnum vegna erindis dagsett 13. Júlí og beiðni um að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar að nýju en málið varðar beiðni um kostnaðarþátttöku leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags. **Þróstur Aðalbjarnarson víkur af fundi og sæti hans tekur Gísli Guðmundsson. Oddviti spyr hvort fundarmenn vilji loka fundi og er það samþykkt. Erindið tekið fyrir, umræður**

færðar í trúnaðarbók. Atkvæði greidd og viðræðubeiðni hafnað með 3 atkvæðum gegn tveimur. Eggert, Atli og Katrín á móti, Gísli og Sigrún með.

Gísli Guðmundsson (sign)

11. Kosning fulltrúa á aðalfundi og málþing SSV og eins til vara. **Oddviti og varaoddviti til vara.**

Til kynningar:

12. Fundargerð fjallskilanevndar frá 1. September 2014
13. Fjallskilaseðil fyrir 2014
14. Bréf Inga og Ragnhildar á Borg dagsett 22.08. og varðar gjaldskrá Breiðabliks.
15. Ályktun um varðveislu landbúnaðarlands frá aðalfundi Samtaka unga bænda 22. Mars 2014
16. Fundargerð 143 fundar Félagsmálanefndar Snæfellinga frá 2. September
17. Fundargerð aðalfundar Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps frá 30. Júlí
18. Kynningarbæklingur frá Alta

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Þróstur Aðalbjarnarson (sign)

Sigrún Erla Eyjólfsdóttir (sign)

Eggert Kjartansson (sign)